

1856.
20. maí. í nyt stofnun þessa, sem hefir svo góðan tilgáng; en til þess að gjöra mönnum hægra fyrir, hefir stjórnarráðið, samkvæmt at-
hugasemdum héraðslæknisins og uppástúngum stiptamtmannsins, fallizt á, að enginn, og jafnvel ekki þeir sem efnaðir eru, greiði nokkra borgun fyrir að hagnýta sér fæðingarhúsið, og skal þá samkvæmt optnefndu bréfi dómsmálastjórnarinnar 22. júní 1850 greiða kostnaðinn á þann hátt, að til þessa sé varið afganginum af tekjum fátækra sjóðsins á ári hverju, en því sem á kynni að bresta sé jafnað niður á eyjarbúa eptir niðuriðjun sýslumannsins, og sé hún samþykkt af stiptamtmanni. Loks verður stjórnarráðið að mælast til við yður, að taka fram við forstöðunefndina, að hún á ári hverju sendi stiptamtmanni, en hann aptur stjórninni, skýrslu læknisins um starfa og árángur stofnunarinnar á því ári, en eptirrit sendi hún landlækni.

Að endingu verður stjórnarráðið að geta þess, að viðvíkjandi uppástúngu héraðslæknisins um að rýmka stofnun þessa þannig, að aðrir sjúklíngar en sængurkonur einnig gætu fengið þar viðtöku, þá fellst stjórnarráðið á álit herra stiptamtmannsins og landlæknis Hjaltalíns um, að nú sem stendur sé ekki nægileg ástæða til að samþykkja nefnda uppástúngu.

23. maí. **15. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um að setja landsyfírrættar dómara í undirdómara embætti.**

Með þóknanlegu bréfi herra stiptamtmannsins 26. febrúar þ. á. hafið þér látið álit yðar í ljósi um uppástúngu þáveranda yfirdómara í hinum íslenska landsyfírrætti, konferenzráds Þ. Sveinbjörnssonar, um að stjórnarráðið vildi úrskurða, að meðdómendur í landsyfírrættinum framvegis ekki mættu takast á hendur sem settir að gegna héraðsdómara störfum, að minnsta kosti ekki án þess að þeir fyrirfram komi sér saman um það við yfirdómarann eða án hans leyfis.

Eg læt því ekki hjá líða að skýra yður frá til þóknanlegrar vitundar, að eins og stjórnarráðið ekki finnur ástæðu til,

að gjöra nokkra ráðstöfun fyrir hinum sèrstöku tilfellum, sem tekin eru fram í ofan nefndu bræfi, þaræð ekki verður álitid, eptir því sem þær hafið skýrt frá, að breytt hafi verið móti því sem kanselibræf 27. febrúar 1838 skipar fyrir, þannig verða menn framvegis að hegða sèr eptir ofan nefndum úrskurði kanselísins, sem bannar að setja meðdómendur yfirdómsins í áður umgetin embætti, nema brýn nauðsyn krefi, og á þá yfirdómarinn ætíð að fá vitneskju um það.

1856.

23. maí.

16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu um framfærslurétt fraskilinnar konu og óskilgetinna barna hennar.

27. júní.

Með bræfi 19. apríl þ. á. hefir herra amtmaðurinn sent fylgiskjöl nokkur, er snerta spurningu þá, sem sveitarstjórar í Torfustaða hreppi í Húnavatns sýslu hafa gjört, um það, að hve miklu leyti Katrín nokkur Benediktsdóttir, sem með dómi, upp kveðnum 2. marz 1847, að lögum er skilin við mann sinn Hjálmar Jónasson, ásamt tveimur óskilgetnum börnum hennar, sem hún hefir fædt eptir að hjónabandinu var slitid, eigi rétt til framfærslu í sömu sveit og maður hennar, nefnilega í áður nefndum Torfustaða hreppi, eða þá í þeirri sveit, hvar börnin eru fædd, það er að skilja í Vindhælis hreppi.

Útaf þessu efni læt eg ekki hjá líða til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar að skýra yður frá, að eins og stjórnarráðið verður að vera herra amtmanninum samdóma í því, að áður nefnd Katrín Benediktsdóttir, sem ekki hefir öðlæzt nokkurn framfærslustað eptir að hjónabandinu var slitid, hljóti að eiga rétt til framfærslu í sveit þeirri, hvar maður hennar, sem hún er skilin frá, hafði framfærslu, þannig hljóta einnig óskilgetin börn hennar, sem bæði eru innan 16 ára, samkvæmt ákvörðunum þeim sem eru í 6. gr. í reglugjörðinni 8. janúar 1834, að eiga framfærslu í þeirri sveit, sem móðir þeirra á hana, og eiga þau þessvegna rétt til framfærslu í Torfustaða hreppi.